

Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun hafa að undanfögnu unnið, í samráði við Körfuknattleikssamband Íslands, að því að setja vinnureglur og markmið um afgreiðsluhraða við veitingu dvalar- og atvinnuleyfa til íþróttafólks. Um leið hafa stofnanirnar tekið saman yfirlit yfir þau atriði sem umsækjendurnir og íþróttafélögin þurfa að gæta að í umsóknarferlinu. Markmiðið er að liðka fyrir því að þessi leyfaafgreiðsla geti gengið eins hratt og vel og kostur er. Einnig er með þessu stefnt að því að afgreiðslan verði einsleitari, þannig að allir sitji við sama borð, en ráðist ekki af því hvernig félögunum tekst að reka á eftir málum með símtölum. Loks er ætlunin að fyrirbyggja eftir mætti að íþróttafélögin hafi starfandi hér á landi fólk sem ekki hefur dvalar- og atvinnuleyfi, en það getur haft alvarlegar afleiðingar.

Umsókn um atvinnu- og dvalarleyfi

Útlendingastofnun stefnir að því að afgreiða dvalarleyfi fyrir íþróttamenn eins hratt og mögulegt er. Það er forsenda þess að þetta geti gengið að vandað sé til umsókna. Hér að neðan eru ábendingar um nokkur mikilvæg atriði sem oft hafa valdið töfum:

Íþróttamaðurinn þarf sjálfur að skrifa undir umsókn um dvalarleyfi og umsókn um tímabundið atvinnuleyfi íþróttafólks. Umsóknin um atvinnuleyfi þarf einnig að vera undirrituð af íþróttafélaginu. Það þarf að vera skýrt hver er umboðsmaður umsækjandans gagnvart stofnununum hér á landi, hvort sem það er viðkomandi íþróttafélag eða tiltekinn umboðsmaður, sem starfar fyrir íþróttamanninn. Sá umboðsmaður sem tilgreindur er á umsókn getur ekki vísað á aðra þegar gögn eða upplýsingar vantar.

Fylla þarf út tvær umsóknir og skila í frumriti: Annars vegar „Umsókn um dvalarleyfi“ og hins vegar „Umsókn um tímabundið atvinnuleyfi fyrir íþróttafólk“. Umsókn þarf að fylgja:

- Passamynd af umsækjanda
- Sakavottorð (frumrit – undirritað/stimplað af útgefanda) ásamt þýðingu (á íslensku, ensku eða skandinavísku frá löggiltum skjalapýðenda), frá þeim ríkjum sem þeir hafa dvalið í undanfarin 5 ár. Sakavottorð mega ekki vera eldri en 6 mánaða. Þeir sem hafa búið í Bandaríkjunum á síðastliðnum 5 árum þurfa að skila sakavottorði frá FBI sjá leiðbeiningar á <http://www.fbi.gov/hq/cjisd/fprequest.htm> **ATHUGIÐ: Sakavottorðið þarf að vera staðfest af útgefanda.**
- Umsókn um dvalarleyfi þarf einnig að fylgja ljósrit af vegabréfi (í gildi 3 mánuði fram yfir ætlaðan dvalartíma).
- Sjúkratrygging, og húsnæðisvottorð, undirritað af þinglýstum húseiganda.(Allt í frumriti)
- Ráðningarsamningur. Mikilvægt er að í ráðningarsamningi komi fram laun og hlunnindi íþróttamannsins, lífeyrissjóður sé tilgreindur og að samningurinn sé undirritaður af báðum aðilum (frumrit).

Af gefnu tilefni er það tekið fram að með orðinu „frumrit“ er átt við raunverulegt frumrit skjalsins en ekki ljósrit eða útprentun af frumskjalinu skönnuðu.

Umsækjendur mega ekki dvelja á Íslandi á meðan umsókn þeirra er til meðferðar.

Ef öll þessi skilyrði eru uppfyllt, stefnir Útlendingastofnun að því að afgreiða dvalarleyfi íþróttamanna sem hér hafa dvalist á áritun til reynslu, á einum virkum degi frá því að fullbúin umsókn hefur borist stofnuninni ásamt brottfararspjaldi leikmanns. Þetta gildir jafnt um þá sem hér hafa dvalið til reynslu án þess að hafa þurft áritun (t.d. Bandaríkjamenn) og þá sem dvalist hafa hér í skamman tíma til reynslu á grundvelli áritunar. Þetta er háð því að umsókn og fylgigögn séu fullnægjandi.

Ef sótt er um dvalar- og atvinnuleyfi fyrir íþróttamann, án undanfarandi reynslutíma, er stefnt að því að afgreiða þau á einum degi ef umsókn og öll gögn eru fullnægjandi.

Um reynslutíma.

Nokkuð er um að íþróttafélög vilji fá menn til reynslu áður en endanlega er gengið frá ráðningu þeirra. Í framkvæmd er gengið út frá því að slíkur reynslutími í allt að tvær vikur, þar sem íþróttamaður æfir og leikur með félagi, feli ekki í sér brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Það verklag að fá menn til reynslu kallar á að viðkomandi þarf að fara úr landi þegar umsókn um dvalar- og atvinnuleyfi íþróttamanns er lög inn og dvelja utan Íslands á meðan hún er afgreidd. Það kallar augljóslega á meira umstang og erfiðleika en þegar gengið er frá umsókn áður en viðkomandi kemur.

Það sem gera þarf eftir komu til landsins til að leyfi verði gefið út:

Eftir að bréf hefur verið sent (vilyrði fyrir leyfi?) þarf að

- Skrá viðkomandi í þjóðskrá
- Mæta í myndatöku hjá UTL eða sýslumanni
- Mæta í læknisskoðun (háð því hvaðan menn koma – kemur fram í bréfunum hvort það er nauðsynlegt)

Þeir sem dvelja á Íslandi án leyfa (ath. að áritanafriðsír mega vera í 90 daga ef þeir eru ekki að vinna – þ.e. hvorki með né án endurgjalds) eiga von á sekt, brottvísun og endurkomubanni. Samkvæmt sektarleiðbeiningum frá Ríkissaksóknara skal grunnsekt sem lögð er á atvinnurekanda vera kr. 100.000 fyrir hvern mann sem ráðinn er til starfa miðað við byrjaðan mánuð en sektin hækkar um kr. 50.000 fyrir hvern mánuð umfram þann fyrsta sem starfskraftar útlendinga hafa verið nýttir. Fyrir gróf brot og ítrekuð brot skal krefjast fangelsisrefsingar. Sektir á útlendingana sjálfa eru lægri.

Í lögum um atvinnuréttindi útlendinga sem tóku gildi þann 1. ágúst 2008 er Vinnumálastofnun veitt heimild til að synja um veitingu atvinnuleysis vegna starfa hjá atvinnurekanda sem gerst hefur sekur um brot á lögnum þó svo að umsóknin uppfylli allar kröfur. Með öðrum orðum: *Íþróttafélög sem gerast sek um brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga geta komið sér í þá stöðu að eiga erfitt um vik með að sækja sér liðsstyrk utan Evrópska efnahagssvæðisins.*